

Nd.

639. Breytingartillögur

[16. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 13. gr. Greinin falli burt.

Til vara: Í stað orðanna „Sameinað Alþingi kys þrjá“ í þriðju málsg. komi: Sameinað Alþingi kys fjóra, — og í stað „Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa tvo“ í sömu málsg. komi: Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa einn.

2. Aftan við „ákvæði til bráðabirgða“ bætist eftirfarandi málsgrein:

Meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir áburðarverksmiðjuna fram yfir aðra hluthafa, ef áburðarverksmiðjan er rekin sem hlutafélag, skal þó stjórnar-
fyrirkomulag haft eins og segir í 4. gr.